



HOA2A05 - Dreifnám

Námsáætlun, Vor 2023

Kennari/kennarar:

Aron Tómas Haraldsson

Netfang/netföng:

aron.haraldsson@borgo.is

Lýsing:

Farið er í grundvallaratriði atferlismótunar og sérstaklega er fjallað um grundvallarhugtök eins og virk skilyrðing, jákvæð og neikvæð styrking, refsingu og slokknun. Fjallað verður um ýmsar atferlismótandi aðferðir eins og markvissa jákvæða athygli, markvissa hunsun, notkun áminninga, samningagerð við börn og unglunga og uppsetningu og hagnýtingu umbunarkerfa. Fjallað verður um AHA líkanið (aðdragandi-hegðun-afleiðing) og það notað í raunverulegum dæmum. Fjallað verður um fyrirbyggjandi aðferðir og úrræði í skólum. Lagt er mikið upp frá því að nemendur tengi fræðin við vinnu og starf á vettvangi. Nemendur prófa að beita aðferðum atferlismótunar í starfi samhliða mælingum á árangri.

Þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið:**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- grunnhugtökum virkrar skilyrðingar.
- mismunandi aðferðum atferlisgreiningar.
- ólíkum tegundum umbunarkerfa.
- gildi og beitingu jákvæðrar styrkingar og hvað ber að hafa í huga við val á styrkjum og beitingu þeirra.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina aðdraganda, hegðun og afleiðingar hegðunar út frá tilbúnum og raunverulegum dæmum.
- beita aðferðum til að auka eftirsóknarverða hegðun í samskiptum við börn og unglunga.
- beita aðferðum til að draga úr óæskilegri hegðun.
- skrá, mæla og skilgreina hegðun fyrir og eftir íhlutun.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- draga úr óæskilegri hegðun og auka eftirsóknarverða hegðun sem metið er með kynningu og leiðsagnarmati. (*)
- sjá kosti og ókosti mismunandi aðferða í atferlismótun og geta þar af leiðandi valið viðeigandi aðferðir eftir aðstæðum. (*)
- rökstyðja og draga ályktanir um siðferðileg álitamál tengd atferlismótun.
- nýta sér atferlismótandi atferðir á starfsvettvangi og heima sem metið er með leiðsagnarmati og kynningum. (*)



Námsmat:

Umræðuskil, mæting og virkni í staðbundnum lotum og í 15 umræðutímum	35%
Ýmis verkefni: Verkefni 1 (5%), Verkefni 2 (10%), Verkefni 3 (5%), Verkefni 4 (5%), Verkefni 5 (10%), Verkefni 6 (5%), Verkefni í lotu 2 (5%).	45%
Lokaverkefni (Kynningin)	5%
Lokaverkefnið (Innihald lokaverkefnisins) (*)	15%

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Þetta er símatsáfangi án lokaprófs og því er nauðsynlegt að nemendur vinni öll verkefni vel, mæti vel í umræðutíma og lotur og skili inn svörum fyrir umræðutímana þegar það á við.

Skyldumæting er í staðbundnar lotur og í umræðutíma á neti.

Nemendur eiga að undirbúa sig fyrir umræðutíma og eiga að vera með tilbúin svör við spurningum sem kennari lætur inn á INNU. Kennari mun setja skilalinka inn á INNU þar sem nemendur geta skilað inn þessum svörum. Kosturinn við þetta fyrirkomulag er að það auðveldar kennara að sjá virkni nemandans og ef nemandi skyldi missa út úr tíma þá getur hann sýnt fram á það að hann hafi amk svarað spurningum. Svör við spurningum koma samt ekki í staðin fyrir mætingu í umræður og gilda minna en þátttakan í umræðunum.

Ekki er hægt að skila inn svörum eftir umræðutíma því þá eru öll svörin komin fram.

Lokaverkefnið er stjörnumerkt sem þýðir að það tengist þremur hæfniviðmiðum áfangans og er skylduverkefni til að ná áfanganum. Nemandi þarf sem sagt að fá minnst einkunnina 5 fyrir lokaverkefnið.

Þetta er símatsáfangi þar sem nemendur verða að ná meðaleinkunn upp á 4,5 í verkefnum áfangans, ásamt því að standast lokaverkefnið.

Ef nemandi verður uppvís að því að nota verkefni annarra nemenda eða fyrri nemenda þá fær hann sjálfkrafa lágmarkseinkunn fyrir verkefnið.

Kennari óskar þess að nemendur sendi sér einungis tölvupóst aron.haraldsson@borgo.is. ef þeir vilja spyrja að einhverju eða komi með fyrirspurnir í upphaf umræðutíma. Kennari svarar ekki á facebook eða í síma. Svör frá kennara koma á vinnutíma frá 8-17.

Námsgögn:

Lesefni áfangans er rafrænt inn á INNU og þurfa nemendur að ganga frá greiðslum fyrir það á skrifstofunni í Borgarholtsskóla. Lesefnið kostar 1000 kr.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
1	5.-6. janúar	LOTA 1 Kynning á áfanganum, sálfræði og atferlisstefnunni	
2	9.-13. janúar	Umræða 1: Virk skilyrðing og sálfræði	
3	16.-20. janúar	Umræða 2: Virk skilyrðing - jákvæð og neikvæð styrking	VERKEFNI 1 Atferlisstefna og virk skilyrðing
4	23.-27. janúar	Umræða 3: Virk skilyrðing - jákvæð og neikvæð styrking	
5	30. jan-3. febrúar	Umræða 4: Virk skilyrðing – refsing, brottnámsskilyrðing og slokknun	VERKEFNI 2 Jákvæð styrking og fl.
6	6.-10. febrúar	Umræða 5: Hegðunarstjórnun	
7	13.-17. febrúar	Umræða 6: Að veita eftirsóknarverðri hegðun athygli og hunsa neikvæða hegðun	VERKEFNI 3 Hegðunarstjórnun
8	20.-23. febrúar	Umræða 7: Áminningar, tímahlé og Time-in	
9	28. febrúar-3. mars	LOTA 2 Upprifjunarverkefni (hópvinna) (5%). Umræða 8: Horfa á Super Nanny þáttinn	
10	6.-10. mars	Umræða 9: Umbunarkerfi	VERKEFNI 4 Super Nanny
11	13.-17. mars	Umræða 10: Samningar og Lausnamiðuð hugsun	VERKEFNI 5 Umbunarkerfi
12	20.-24. mars	Umræða 11: Að skilgreina og skrá hegðun	
13	27.-31. mars	Umræða 12: Mótun hegðunar	VERKEFNI 6 Skilgreina og skrá hegðun
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Vinna utan kennslustundar (Aron fæðingarorlof)	
16	17.-21. apríl	Umræða 13: Rannsókn í atferlismótun (Lesa Ba – verkefni)	
17	24.-28. apríl	Umræða 14: Lokaverkefnið	
18	1.-5. maí	Umræða 15: Lokaverkefnið LOTA 3	Kynningar á lokaverkefninu

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.